

Flækjustig aukið og valfrelsi launafólks skert

Með frumvarpi um lögfestingu svokallaðrar tilgreindrar séreignar skv. kröfu Alþýðusambands Íslands (ASÍ) eru algjörlega virtar að vettugi athugasemdir meirihluta hagsmunaaðila, sem lögðu fram umsagnir um frumvarpsdrögin árið 2019. Í þessum athugasemdum bentu þeir á að hinum nýju lagaákvæðum fylgdu aukið flækjustig, dýrara lífeyriskerfi og skerðing á valfrelsi sjóðfélaga.

Fyrirkomulagi lífeyrisréttinda tuga þúsunda sjóðfélaga raskað

Frumvarpið felur m.a. í sér að sjóðfélögum lífeyrissjóða skuli vera heimilt að ráðstafa mótframlagi launagreiðanda, allt að 3,5 prósentustig af 15,5% skylduiðgjaldi, í svokallaða tilgreinda séreign sem við útgreiðslu skerðir ekki ellilífeyri almannatrygginga. Samhliða þeirri breytingu er gerð sú breyting á útgreiðslum annarra tegunda séreignar en viðbótarlífeyrissparnaði, að þær muni skerða ellilífeyrinn (sjá töflu). Að öllum líkindum leiðir þetta til þess að stærsti hluti sjóðfélaga lífeyrissjóða ráðstafi 3,5% iðgjaldinu í tilgreinda séreign. Slík breyting raskar fyrirkomulagi lífeyrisréttinda hjá tugum þúsunda sjóðfélaga, sem í dag ráðstafa 3,5% iðgjaldinu í frjálsa séreign, sem samkvæmt frumvarpinu mun skerða ellilífeyrinn. Með því að greiða iðgjöldin í tilgreinda séreign er valfrelsi og sveigjanleiki sjóðfélaganna í útgreiðslum skert verulega. Ráðstöfun 3,5% iðgjalds í viðbótarparnað í stað tilgreindrar séreignar væri betri fyrir sjóðfélaga en hún er ekki heimil skv. frumvarpinu.

Þrengri útborgunarreglur tilgreindrar séreignar

Hvers vegna væri betra fyrir sjóðfélaga að ráðstafa 3,5% iðgjaldinu í viðbótarparnað frekar en í tilgreinda séreign? Ástæðan er m.a. sú að þrengri útborgunarreglur gilda fyrir tilgreinda séreign en viðbótarparnað. Tilgreind séreign er ekki laus fyrr en frá 62 ára aldri sjóðfélaga og laus til útborgunar á að lágmarki fimm árum skv. frumvarpinu. Viðbótarparnaður og frjáls séreign er aftur á móti laus frá 60 ára aldri og laus til útgreiðslu skv. óskum sjóðfélaga. Stjórnvöldum og ASÍ hefur margoft verið bent á að fyrir sjóðfélaga er mun hagstæðara að ráðstafa 3,5% iðgjaldi í viðbótarparnað með rýmri útborgunarreglum því að aðstæður fólks eru mismunandi. Í mörgum tilvikum getur hentað sjóðfélögum betur að taka séreignina út tveimur árum fyrr en gert er ráð fyrir í frumvarpinu og á styttri tíma en fimm árum. Einnig hefur verið bent á að auðvelt er að halda 3,5% iðgjaldinu í viðbótarparnaði aðgreindu frá 4%-6% viðbótarparnaðinum í tölvukerfum sjóðanna yrðu gerðar kröfur um slíkt.

Aukið flækjustig með tilgreindri séreign

Eitt af því sem hefur þótt ámælisvert við lífeyriskerfið er hversu flókið það er. Aukið flækjustig torveldar fólki að skilja lífeyriskerfið, gerir sjóðfélögum erfiðara um vik að taka ákvarðanir um ráðstöfun og útgreiðslur sparnaðarins, skaðar ímynd lífeyriskerfisins og dregur almennt úr áhuga fólks á lífeyrissparnaði.

Önnur ástæða þess að betra sé að bjóða sjóðfélögum að ráðstafa 3,5% iðgjaldinu í viðbótarparnað er að lögfesting tilgreindrar séreignar felur í sér að lífeyriskerfið verður einmitt flóknara að óþörfu. Viðbótarparnaður hefur verið við lýði frá 1999 og launafólk þekkir almennt vel þær reglur sem um hann gilda og því væri tilvalið að nýta hann fyrir 3,5% iðgjaldið. Þannig ættu sjóðfélagar auðveldara með að taka ákvarðanir og átta sig á uppbyggingu á lífeyrissparnaði sínum á sama tíma og sveigjanleiki og valfrelsi í útgreiðslum yrði aukin hjá sumum en varðveittur hjá öðrum eftir því hvaða lífeyrissjóði þeir greiða til.

Með frumvarpinu verða til fimm tegundir séreignar sem um gilda mismunandi reglur varðandi útborgun, skerðingar á lífeyri almannatrygginga og húsnæðiskaupa- og lánaúrræði eins og sjá má í töflunni hér á eftir.

Tegund séreignar	Laus til útgreiðslu – aldur sjóðfélaga	Skerðir lífeyri almannatrygginga	Má nýta í fyrstu fasteignakaup og lánagreiðslur í 10 ár	Má nýta í fasteignarkaup og lánagreiðslur til júlí 2023
Viðbótarsparnaður ¹⁾	60 ára	Nei	Já	Já
Frjáls séreign ²⁾	60 ára	Já	Nei	Nei
Tilgreind séreign ³⁾	62 ára	Nei	Já	Nei
Bundin séreign ³⁾	60-85 ára	Já	Nei	Nei
Erfðaséreign	Alltaf	Já	Nei	Nei

1) Iðgjald sem nemur 2-4% frá sjóðfélaga og 2% frá launagreiðanda, samtals 4-6%

2) Iðgjald sem hluti af 15,5% skylduiðgjaldi annars vegar og viðbótarmóttframlag launagreiðanda umfram 2% hins vegar

3) Hluti af 15,5% skylduiðgjaldi

Lesendum kann að þykja erfitt að skilja efni töflunnar en það endurspeglar það flækjustig sem nú er fyrirhugað að bjóða sjóðfélögum lífeyrissjóða, lífeyrissjóðunum og öðrum hagsmunaaðilum upp á. Það er þó jákvætt að núverandi lög og frumvarpið heimila sjóðfélögum að ávaxta allar tegundir séreignar hjá vörsluaðila að eigin vali.

ASÍ fer gegn hagsmunum launafólks

Fjármálaráðherra sagði í umræðum um frumvarpið að það væri ágætis hugmynd að launafólk ætti að hafa val um að setja 3,5% iðgjaldið í viðbótarsparnað og að hann hefði ekkert á móti því en að ASÍ væri því mótfallið. Svo virðist sem ASÍ sé með lífeyriskerfið í algjörrri gíslingu og stjórnvöld fái ekki neitt við ráðið. Vald ASÍ yfir lífeyriskerfinu vekur furðu í ljósi þess að aðeins sjö af 21 lífeyrissjóði eru á samningssviði ASÍ og SA og bæði eignir og árleg iðgjöld þessara sjö sjóða standa undir minna en helmingi af eignum og árlegum iðgjöldum allra lífeyrissjóða. Óhætt er að halda því fram að flestir hinna 14 lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar séu mótfallnir lögfestingu tilgreindrar séreignar og kysu að sjóðfélagar þeirra gætu ráðstafað 3,5% iðgjaldinu í viðbótarsparnað. Í raun er umhugsunarvert að ASÍ berjist fyrir breytingum sem skerða frelsi launafólks til að ákveða fyrirkomulag á úttekt sparnaðar síns, auk þess að beita sér fyrir því að þvinga fram neikvæðar breytingar á uppbyggingu lífeyrissparnaðar hjá lífeyrissjóðum sem ekki eru á forræði þeirra.

Að framansögðu má sjá hversu mikilvægt það er að Alþingi beri gæfu til að hafna ákvæðum frumvarpsins um lögfestingu tilgreindrar séreignar - lífeyriskerfinu og öllu launfólki til heilla og hagsbóta.

Arnaldur Loftsson

Framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins